

Galli sá, sem stefnandi hefur með dómi þessum fengið bættan, er þess eðlis, að ekki þykir unnt að fallast á, að kvörtun hafi komið of seint fram.

Ekki þykja efni til að taka óþægindakröfu stefnanda til greina. Rétt þykir, að stefnda greiði stefnanda málskostnað, kr. 82.000.

Dómsorð:

Stefnda, Marta Jónsdóttir, greiði stefnanda, Birki Skúlasyni, kr. 56.364 auk 13% ársvaxta frá 7. maí 1975 til greiðsludags auk kr. 82.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa.

Þriðjudaginn 9. október 1979.

Nr. 60/1979. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Ólöfu Þóreyju Haraldsdóttur

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Bifreiðar. Sýknað af ákæru um brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og ákærða verði dæmd til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin hæfileg saksóknarlausn til ríkissjóðs.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Svo sem í héraðsdómi greinir, neitar ákærða því alfarið, að hún hafi fundið til áfengisáhrifa við akstur bifreiðarinnar. Hefur hún haldið fast við þann framburð sinn, að hún

hafi ekki neytt annars áfengis en rauðvíns, sem samsvari um einu vatnsglasi, er hún var í kvöldverðarboðinu að Hagamel 21. Skýrði hún frá þessari vinneslu sinni þegar við handtöku.

Framburðir þeirra tveggja vitna, sem um vinneslu hennar hafa borið, eru og mjög á sama veg.

Í lögregluskýrslu þeirri, sem fjallar um handtöku ákærðu, segir, að lítils háttar áfengisþef hafi lagt frá vitum hennar, en ekki getið neinna einkenna þess, að hún hafi verið með áfengisáhrifum. Í varðstjóraskýrslu er ekki heldur getið neinna slíkra einkenna, aðeins sagt hið sama um lítils háttar áfengisþef af andardrætti hennar og að augu hennar hafi verið vot. Þegar lögreglumenn þeir, er afskipti höfðu af ákærðu, komu fyrir dóm, mundi enginn þeirra eftir, að ákærða hefði sýnt nokkur einkenni um áfengisáhrif. Sjálf ber hún, að hún sé ætíð voteygð. Hefur skipaður verjandi hennar lagt fyrir Hæstarétt vottorð augnlæknis þessu til styrktar, en þar kemur fram, að hún hafi verið undir læknishendi vegna langvarandi augnsjúkdóma, slímhimnubólgu og hvarmabólgu.

Þegar litið er til skýrslu ákærðu og vitnaframburða í máli þessu, er með ólíkindum, að alkóhólmagn í blóði hennar hafi í raun verið 1.94‰, svo sem í alkóhólákvörðun getur. Hafi verið svo mikið alkóhólmagn í blóði ákærðu, verður að telja mjög ósennilegt, að hún hafi ekki borið þess svo augljós merki, að þessa hefði verið getið berum orðum bæði í lögregluskýrslu og skýrslu varðstjóra. Þegar virtir eru framburðir ákærðu og vitna, verður ekki annað ráðið en einhver mistök hafi orðið með blóðsýni það, sem úr ákærðu var tekið. Ekkert verður um það fullyrt, hvar slík mistök kunní að hafa átt sér stað. Þykir varhugavert að byggja áfelliðóm í máli þessu á niðurstöðu alkóhólákvörðunarinnar, svo sem sönnunargögnum máls þessa er varið.

Að svo vöxnu máli ber að sýkna ákærðu af kröfum ákærvalds í máli þessu og leggja allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu fyrir báðum dómum, samtals 200.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærða, Ólöf Þórey Haraldsdóttir, skal vera sýkn af öllum kröfum ákærvalds í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, samtals 200.000 krónur fyrir báðum dómum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. maí 1978.

Ár 1978, föstudaginn 19. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni yfirsakadómará, kveðinn upp dómur í málinu nr. 203/1978: Ákærvaldið gegn Ólöfu Þóreyju Haraldsdóttur, sem tekið var til dóms 18. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 29. mars sl., gegn Ólöfu Þóreyju Haraldsdóttur bankarítara, Miklubraut 56, fæddri 21. júní 1943 á Siglufirði, „fyrir að aka aðfaranótt fimmtudagsins 2. desember 1976 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 45999 frá Hagamel 21 í Reykjavík áleiðis heim til sín, þar til lögreglan stöðvaði akstur hennar á Miklubraut við Lönguhlíð.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

Aðfaranótt fimmtudagsins 2. des. 1976, milli kl. 1 og 2, stöðvuðu lögregluþjónar, sem voru á eftirlitsferð, ökumann bifreiðarinnar R 45999 á Miklubraut við Lönguhlíð. Samkvæmt skýrslu annars lögregluþjónsins, Benedikts Benediktssonar, var ástæðan sú, að ökumaður gaf stefnuljós til hægri, en ók þó áfram fram hjá mótum Miklubrautar og Lönguhlíðar. Ákærð var ökumaður bifreiðarinnar. Samkvæmt lögregluskýrslu lagði lítils háttar áfengislykt af henni, og leiddi það til þess, að hún var færð á lögreglustöð, þar sem varðstjóri tók skýrslu af henni, en kl. 0220 var henni tekið blóðsýni að tilhlutan lögreglunnar. Sýnið var merkt

853, og reyndist alkóhól í því 1.94% samkvæmt vottorði Rannsóknastofu í lyfjafræði.

Ákærða kveðst hafa verið á heimleið frá Hagamel 21. Þangað hafði hún komið um kl. 2030 í kvöldverðarboð. Hún kveðst hafa neytt lítils háttar af rauðvíni með mat, er samsvari á að giska einu vatnsglasi. Að öðru leyti hafi hún einskis áfengis neytt þarna og áður en hún kom á Hagamel 21, hafi hún ekki neytt neins áfengis.

Ákærða kveðst því alls engin áfengisáhrif hafa fundið við aksturinn, og telur hún það ekki fá staðist, að í blóði hennar hafi verið alkóhól, eins og rannsóknin segir.

Skýrsla ákærðu um áfengisneyslu á Hagamel 21 er í samræmi við framburð Sigurlaugar Ásgrímsdóttur, er boðið hafði ákærðu til kvöldverðar, og Eyjólfss Halldórssonar bankafulltrúa, sem einnig var gestur þarna.

Samkvæmt skýrslu varðstjóra hefur verið lítils háttar áfengislykt af ákærðu og öndunarpróf sýnt II. stig. Varðstjóri telur augu ákærðu hafa verið vot, en að öðru leyti hefur ákærða engin ölvunarmerki borið, andlit verið eðlilegt, fatnaður snyrtilegur, framkoma kurteisleg, jafnvægi stöðugt, málfar skýrt og framburður greinargóður.

Af hálfu ákærðu er blóðrannsóknin dregin í efa og einkum haldið fram, að blóðsýni kunnri að hafa ruglast, þ. e. að alkóhól-ákvörðunin 1.94% eigi ekki við blóð úr ákærðu, heldur eitthvert annað blóðsýni. Hefur verjandi ákærðu aflað eða látið afla og lagt fram margvísleg gögn í málinu, er varða sum rannsóknaræðferð þá, sem notuð var við alkóhólákvörðunina, þ. e. gasgreining á súlu, en önnur varða blóðrannsóknir þær, sem fram fóru um sama leyti og sýni úr ákærðu var rannsakað.

Rannsóknastofa í lyfjafræði afgreiddi 7. desember 1976 vottorð um alkóhólákvörðun í 44 sýnum, þar af 19 frá lögreglunni í Reykjavík, en rannsókn hafði farið fram dagana 6. og 7. des. Merki sýnanna frá lögreglunni í Reykjavík voru 848—866 incl. Sýni úr ákærðu er talið merkt 853. Í einu af hinum 19 sýnum reyndist alkóhólmagn 0.11%, í öðru 0.62%, í einu 1.07%, en í öllum hinum var alkóhól yfir 1.20%. Verjandi ákærðu bendir sérstaklega á þann möguleika, að sýni það, sem reyndist innihalda 0.11% kunnri að vera blóðsýni úr ákærðu. Sýni þetta er talið merkt 848. Samkvæmt skýrslum lögreglu er sýni 848 úr manni, sem lögreglumenn tóku til athugunar síðdegis 30. nóv., eftir að þeir höfðu fundið áfengislykt af honum. Maðurinn kvaðst

aðeins hafa drukkið hálfflösku af útlendum bjór. Í lögregluskýrslunni eru engin ölvunarmerki tilgreind á þessum manni. Varðstjóraskýrsla um mann þennan fannst ekki, en í varðstjóraskýrslum er gert ráð fyrir allrækilegri lýsingu á ölvunarmerkjum.

Lögreglumenn þeir, sem handtóku ákærðu, og varðstjóri, er tók af henni skýrslu, hafa borið vitni, en enginn þeirra man neitt um ölvunarmerki á ákærðu.

Eins og áður segir, hefur ákærða skv. varðstjóraskýrslu ekki borið nein ölvunarmerki í útliti né framkomu, og er það einkennilegt, hafi hún haft svo mikið alkóhól í blóði sem alkóhól-ákvörðun segir. Hins vegar hefur ekki komið neitt fram í málinu þrátt fyrir rækilega könnun, sem vekir efasemdir um, að með blóðsýni úr ákærðu hafi verið farið með tryggilegum hætti. Í annan stað hefur sýnið verið rannsakað með þeim hætti, sem hér er tíðkaður og dómstólar hafa tekið gildan. Verður samkvæmt því að gera ráð fyrir, að alkóhól í blóði ákærðu hafi verið 1.94%. Í því sambandi er þess að gæta, að menn bera alkóhól mjög misvel, og jafnvel er talið, að maður geti haft 1.94% alkóhól í blóði án þess að vera ölvaður, svo sem það orð er almennt skilið.

Verður þannig að líta svo á, að ákærða hafi gerst sek um brot það, sem í ákæru segir og varðar við 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga. Hún hefur aldrei fyrr verið kærð fyrir lagabrot, og verður refsing ákveðin 80.000 kr. sekt til ríkissjóðs, en vararefsing 10 daga varðhald, ef sekt verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærðu ökuleyfi sínu 1 ár frá 23. maí 1977 að telja, en þá var hún svipt leyfinu til bráðabirgða. Ákveða ber, að áfrýjun fresti ekki áhrifum þessa dómsákvæðis, sbr. 5. mgr. 81. gr. umferðarlaga og 178. gr. laga 74/1974.

Ákærða verður dæmd til að greiða kostnað sakarinnar, þar á meðal 60.000 kr. í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, dr. Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Ákærða, Ólöf Þórey Haraldsdóttir, greiði 80.000 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða er frá 23. maí 1977 svipt ökuleyfi 1 ár. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Ákærða greiði kostnað sakarinnar, þar á meðal 60.000 kr. til skipaðs verjanda síns, dr. Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmans.

Þriðjudagur 9. október 1979.

Nr. 5/1978.

Véltækni h/f

(Benedikt Sveinsson hrl.)

gegn

Birni Stefánssyni f. h.

ófjárráða sonar hans, Þóris Björnssonar,

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

og

Björn Stefánsson f. h. Þóris Björnssonar

gegn

Véltækni h/f og

fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Sigurður Ólason hrl.).

Skaðabótamál. Sprengiefni. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 6. janúar 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. desember 1977. Krefst hann sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 26. janúar 1978. Krefst hann þess, að aðaláfrýjandi og stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs verði dæmdir til að greiða sér óskipt 2.254.900 krónur með 7% ársvöxtum frá 9. desember 1971 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.